

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 133/1993.

Agnar Smári Einarsson

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Einari Þórarni Magnússyni

(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.)

Björgunarlaun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. mars 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda gegn greiðslu á 980.457 krónum með einföldum ársvöxtum Landsbanka Íslands af almennum sparisjóðsbókum frá 15. febrúar 1992 til greiðsludags og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Í frumvarpi til siglingalaga, sem lagt var fyrir Alþingi á 106. lög-gjafarþingi 1983-1984 og endurflutt óbreytt á 107. löggjafarþingi 1984, var nýmæli í 2. mgr. 165. gr. Um nýmæli þetta sagði í athugasemdum með frumvarpinu, að rétt þætti að kveða sérstaklega á um það í lögum, hvernig ákveða skuli björgunarlaun í þeim tilvikum, þegar skip kemst ekki til hafnar fyrir eigin vélarafl, en er þó ekki statt í yfirvofandi hættu. Í þeim tilvikum hafi um of verið einblínt við ákvörðun björgunarlauna á verðmæti þess, sem bjargað var, en miklu minna tillit tekið til annarra þátta, sem taldir hafi verið í 1. tl. 1. mgr. 200. gr. þágildandi siglingalaga nr. 66/1963. Síðan segir:

„Hafa fjárhæðir björgunarlauna verið mjög mismunandi, þótt um sambærileg verk hafi verið að ræða, t. d. þegar skorið hefur verið úr skrúfu skips, og annað skipið hefur verið nýlegt og verðmæti þess mikið, en hitt eldra og verðminna.

Ákvæði málsgreinarinnar miðar að því, að við ákvörðun björg-

unarlauna í þeim tilvikum, sem málsgreininni er ætlað að taka til, skuli einkum miða við að bæta þann tilkostnað og tekjutap, sem bjargendur hafa haft vegna björgunarinnar, jafnframt því sem hliðsjón sé höfð af þeim tíma og þeirri fyrirhöfn, sem til björgunarinnar var varið.“

Frumvarpið var samþykkt sem lög frá Alþingi, og voru þau gefin út sem lög nr. 34/1985. Við útgáfu laganna var 2. mgr. 165. gr. skeytt beint aftan við 2. tl. 1. mgr. í stað þess að verða sjálfstæð málsgrein. Hér á eftir verður reglan allt að einu nefnd 2. mgr. 165. gr.

II.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að björgunarlaun til stefnda skuli ákvörðuð samkvæmt 2. mgr. 165. gr. siglingalaga nr. 34/1985, þar sem skipið var eigi statt í yfirvofandi hættu, en gat þó eigi komist til hafnar fyrir eigin vélaraflí.

Áfrýjandi hefur borið fyrir sig samkomulag það, sem frá er greint í héraðsdómi og gert var fyrst 16. september 1986, enda sé í 1. gr. þess gert ráð fyrir, að það taki til tilviks sem þessa, með beinni vísan til 2. mgr. 165. gr. siglingalaga. Hann bendir á, að samkvæmt upplýsingum Íslenskrar endurtryggingar hafi verið farið eftir samkomulaginu við uppgjör í öllum tilvikum, sem það hafi óumdeilanlega verið talið eiga við, en þau hafi verið 79 árið 1988, 82 árið 1989, 54 árið 1990 og 53 árið 1991. Þetta hafi í reynd verið öll björgunarmál þessara ára vegna fiskiskipa, sem samkomulagið náði til, utan eitt 1988, fjögur 1989, þrjú 1990 og eitt 1991. Í þessum örfáu tilvikum hafi ýmist verið farið eftir niðurstöðum dómstóla eða fyrir hafi þótt liggja, að skip þau, er bjargað var, hafi verið talin í yfirvofandi hættu, og því hafi samkomulagið ekki átt við. Öllum útgerðarmönnum sé vel kunnugt um samkomulagið og forsendur þess og hvernig björgunarlaun séu reiknuð í því. Samkomulagið hafi sérstaklega verið kynnt í umburðarbréfi Landssambands íslenskra útvegsmanna 4. febrúar 1991, og menn telji sig almennt bundna af því. Það séu hagsmunir heildarinnar að hafa slíkt samkomulag, sem allir virði. Tilboð áfrýjanda, 980.457 krónur, hafi verið við þetta miðað.

III.

Fyrir héraðsdómi kannaðist stefndi við fyrrgreint samkomulag um björgunarlaun og kvaðst ekki hafa mælt því í gegn.

Eigi verður talið, að Landssamband íslenskra útvegsmanna hafi með aðild sinni að samkomulaginu getað bundið stefnda við að hlíta ákvæðum þess við ákvörðun björgunarlauna, enda er slíkt ekki ráðgert í samþykktum landssambandsins. Á hinn bóginn verður til þess að líta, að samkomulagið hefur verið virt í reynd af félagsmönnum landssambandsins í miklum meiri hluta tilvika. Telja verður því, að áfrýjandi hafi sýnt fram á, að slík festa hafi myndast um að fara eftir samkomulagi þessu við uppgjör þóknunar fyrir björgun fiskiskipa, þegar samkomulagið hefur átt við samkvæmt ákvæðum þess, að til þess beri að líta í máli þessu.

Þegar tekið er tillit til þess, er greinir í 2. mgr. 165. gr. siglingalaga, og hliðsjón höfð af uppgjørsreglum samkomulagsins, þykja björgunarlaun til stefnda hæfilega ákveðin 1.900.000 krónur. Hefur þá meðal annars verið tekið tillit til tjóns stefnda vegna veiðarfæra. Verður áfrýjanda gert að greiða stefnda fjárhæð þessa ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. febrúar 1992 til 1. mars 1993, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem telst hæfilega ákveðinn samtals 450.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Agnar Smári Einarsson, greiði stefnda, Einari Þórarni Magnússyni, 1.900.000 krónur með 1,8% ársvöxtum frá 15. febrúar 1992 til 21. s. m., 1,6% frá þeim degi til 1. mars s. á., 1,5% frá þeim degi til 21. s. m., 1,1% frá þeim degi til 1. maí s. á., 1% frá þeim degi til 1. ágúst s. á., 0,9% frá þeim degi til 1. janúar 1993, 1,3% frá þeim degi til 11. s. m., 1,2% frá þeim degi til 21. s. m., 1,1% frá þeim degi til 11. febrúar s. á., 1% frá þeim degi til 1. mars s. á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 450.000 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 15. febrúar 1993.**I.**

Ár 1993, mánudaginn 15. febrúar, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í máli nr. E – 20/1992: Einar Þórarinn Magnússon gegn Agnari Smára Einarssyni.

Mál þetta dæma Sigurður Hallur Stefánsson, settur héraðsdómari, og samdómendurnir Ingólfur Falsson og Jóhann Pétursson, fyrrum skipstjórar. Það var dómtekið 21. f. m., en höfðað með stefnu, birtri 27. júlí 1992.

Dómkröfur stefnanda.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða sér björgunarlaun, að fjárhæð 7.363.958 kr. [með nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði]. Þá er krafist staðfestingar á sjóveðsrétti í mb. Þresti, GK-211, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda.

Að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda gegn greiðslu á 980.457 kr. með einföldum ársvöxtum Landsbanka Íslands af almennum sparisjóðsbókum frá 15. 2. 1992 til greiðsludags. Þá krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

II.

Laugardaginn 15. febrúar 1992 var mb. Þröstur, GK-211, sem er 112 rúmlestir, að togveiðum u. þ. b. 4–5 sjómílur undan Hafnabergi á Reykjanesi. Kl. um 6 fór poki vörpunnar í skrófu með þeim afleiðingum, að drapst á vél skipsins. Reynt var, en án árangurs, að hífa pokann lausan. Var þá ákveðið að fá skip til að draga mb. Þröst upp undir Hafnaberg, þar sem sjór var sléttari, og fá síðan kafara þangað á björgunarbáti frá Sandgerði. Að sögn skipstjórans á mb. Þresti, Halldórs Einars Smárásonar, bað hann um, að mb. Þór, EA-108, sem var þar nærri, drægi skipið upp undir Hafnaberg. Því hafi verið hafnað, þar sem mb. Þór væri með erfið spil. Þá var haft samband við stefnanda á mb. Ósk, 81 rúmlesta stálskipi, sem var að netaveiðum grunnt undan Hafnabergi, og féllst hann á að veita hjálpina, eftir að hann hefði dregið eina trossu. Kom mb. Ósk að mb. Þresti kl. um 7. Vindur var þá suðaustanstaður, 7–8 vindstig, og skipið um 7 sjómílur undan (vestur af) Hafnabergi.

Vel gekk að koma dráttartaug frá mb. Þresti milli skipanna. Kröpp vindalda, en engir brotsjóir voru, meðan suðaustanáttin hélst. Síðan, samkvæmt frásögn Halldórs Smára Einarssonar: „Það gekk bara hægt og rólega og við höfðum samband við kafara, þeir voru orðnir klárir í Sandgerði. Veðurspáin kl. 10, þá fór hann að spá minnkandi suðaustanátt en vaxandi suðvestan.

Þá leist okkur ekkert á að fara þarna upp eftir, ef það kæmi suðvestanalda. Þá ákváðum við að fara í Njarðvík. Ætli við höfum ekki átt 3 mílur upp í land, við komnir norður undir Stafnes, það voru komin suðvestan 5. Svo erum við komnir rétt norður fyrir Skaga, þá slitnaði í tvígang á milli bátanna.“ Fram kom í sjóprófi, að í 4–5 sjómílna fjarlægð frá Hafnabergi, er vindur var enn af suðaustri, hafi vindhæð náð 10–12 vindstigum í um 20 mínútur, – „suðaustanhvellingur“. Aðspurður um hættu af völdum veðurofsa sagði Halldór Smári fyrir dómi, að unnt hefði verið að láta akkeri falla og að það hefði dugað til að halda skipinu upp í vind og sjó, þótt þau næðu ekki festu (44 faðma dýpi, mjúkur botn). Hann var spurður: „Var hætta á að þið hefðuð rekist á land, ef engin hjálp hefði borist? Hvenær hefðuð þið rekist á land?“ Hann svaraði: „Eftir 1–1½ sólarhring eða tvo daga, held ég. Ég held að okkur hafi rekið norður fyrir Garðskaga og inn á Faxaflóa.“

Frásögn stefnanda um hættuástand er svohljóðandi: „Ég hef ekki lent í öðru eins veðri áður. Og að vera með þennan bát aftan í var ekkert gaman. Við fengum á okkur skvettur, góð brot. Hann varði sig nú þökkalega báturinn en ég var ekkert mjög sáttur við hann, ég var ekki alveg nógu öruggur, mér leist ekki alveg nógu vel á blikuna. Það voru bátar þarna í kring, t. d. Arney og Hafnaberg, sem voru staddir grunnt undir Hafnaberginu inn að Sandvík og voru þar í vari út af veðri. Og þeir voru, sérstaklega skipstjórinn á Hafnaberginu, alltaf að hringja í mig og fylgjast með ferðum okkar út af því að honum leist ekkert á blikuna út af veðrinu.“ Hann kvað mb. Þröst tvímælalaust myndu hafa rekið á land innan sólarhrings, hefði ekkert verið að gert.

Skipin komu til hafnar í Njarðvík kl. um 14.30 eftir um 7 stunda siglingu, sem var áfallalaus að undanskildu því, er áður greinir um slit dráttartaugar.

Samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands var veður og sjólag á Reykjanesvita 15. febrúar 1992 þannig:

Kl.	9	SA	9	Mikill sjór
–	12	SV	5	Allmikill sjór
–	15	SV	5	Talsverður sjór
–	18	SV	4	Allmikill sjór
–	21	SV	4	Allmikill sjór

Af hálfu stefnanda var lagður fram listi yfir veiðarfæri, samtals að verðmæti 863.958 kr.: 40 blýteinar, 40 flotteinar, 60 netaslöngur, 4 færi, 2 drekar, 2 keðjur, 3 baujur. Einar Þórarinn Magnússon bar, að hann hefði orðið að skilja eftir í sjó níu netatrossur (90 net), er mb. Ósk fór mb. Presti til hjálpar. Hann kvað báta, sem verið höfðu á svipuðum slóðum, hafa hætt að draga kl. um 14 umræddan dag. Hann kvaðst hafa farið aftur út seint dag-

inn eftir og náð þá 50 netum, en um 3 stunda sigling hafi verið frá Njarðvík að netatrossunum. Það, sem þá hafi verið eftir, hafi náðst næsta miðvikudag og laugardag og allt verið ónýtt.

Um ætlað aflatjón skýrði Einar Þórarinn Magnússon svo frá, að komið hefði verið með allan aflann í land, en hann verið ónýtur. Hann kvað glat-aðan afla samkvæmt kröfugerð vera miðaðan við afla báta, sem verið höfðu að veiðum í kringum mb. Ósk, t. d. mb. Hafnabergs.

Í málinu liggur frammi fullt og ótakmarkað umboð útgerðar og áhafnar mb. Óskar, KE-5, dags. 20. febrúar 1992, til Vilhjálms H. Vilhjálmssonar hrl. til þess að semja um og taka á móti björgunarlaunum vegna þess at-burðar, sem um ræðir í málinu.

Lögmaðurinn krafði tryggingafélag stefnda, Tryggingamiðstöðina hf., um greiðslu björgunarlauna, að fjárhæð 7.363.958 kr., með bréfi, dagsettu 21. maí 1992. Félagið hafnaði þeirri kröfu, en bauð greiðslu fyrir hjálpina samkvæmt samkomulagi milli Samsteypu íslenskra fiskiskipatryggingafélaga og Landhelgisgæslu Íslands o. fl. frá 16. september 1987, 980.000 kr.

Vátryggingarverðmæti mb. Þrastar, GK-211, er 61.800.000 kr.

III.

A.

Stefnandi telur það ekki orka tvímælis, að hjálpin, sem áhöfn mb. Óskar veitti mb. Presti, sé björgun í skilningi meginreglu 1. mgr. 164. gr. siglinga-laga nr. 34/1985. Ljóst sé, að skipið hafi verið í yfirvofandi hættu og hefði ekki komist til hafnar af eigin rammleik.

Framangreindu til stuðnings er einkum bent á, að mb. Þröst hafi rekið flatt fyrir aflandsvindi, sem snúist hafi í álandsvind, en áhöfnin hafi hvorki getað beitt stýri né vél og engin tök haft á að skera vörpuna úr skráfunni. Veður hafi farið versnandi og skipið verið í nokkurri hættu. Það hefði getað lent í meiri erfiðleikum, hefði það verið stjórnlaust á reki í storminum, sem skall á skömmu eftir, að mb. Ósk tók það í tog. Ljóst sé, að mb. Þröstur hefði ekki komist hjálparlaust að landi. Björgunin hafi verið fagmannlega af hendi leyst og alls ekki án hættu fyrir björgunarskipið. Þá er áhersla á það lögð, að mun stærra skip en mb. Ósk, þ. e. mb. Þór, hafi vikist undan því að draga mb. Þröst til hafnar.

Stefnandi kveður fyrrgreint samkomulag Samsteypu íslenskra fiskiskipa-trygginga við Landhelgisgæslu Íslands o. fl. ekki vera bindandi fyrir sig. Um þóknun fyrir björgun beri að fara eftir ákvæðum 165. gr. siglingalaga, enda styðjist hún við langa hefð og hafi að geyma viðurkenndar meginreglur til ákvörðunar um fjárhæð björgunarlauna.

Dómkrafan er sundurliðuð þannig:

1. Björgunarlaun með hliðsjón af atvikum og húftryggingarverðmæti mb. Prastar 5.500.000 kr.
2. Tjón á veiðarfærum, sem áhöfn mb. Óskar varð vegna hjálparinnar að skilja eftir í sjó, en unnt hefði að öðrum kosti verið að ná þegar eftir hádegi umræddan dag, 863.958 kr.
3. Verðmæti tapaðs afla, 10 tonn, 1.000.000 kr.

B.

Stefndi styður dómkröfur sínar þessum rökum:

Hann kveður mb. Pröstor ekki hafa verið í yfirvofandi hættu. Skipið sé yfirbyggt, það verji sig vel fyrir áföllum, og engin hætta hafi verið á, að það ræki í land.

Fram boðin fjárhæð, sem reist sé á samkomulagi milli Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga og Landhelgisgæslu Íslands o. fl., sé eðlileg og fullnægjandi, enda venja að miða greiðslur í málum sem þessu við það samkomulag. Jafnvel þótt dómurinn teldi samkomulagið ekki eiga hér við, sé tilboð stefnda engu að síður í fyllsta samræmi við dómvenju, sbr. og 2. tl. 165. gr. siglingalaga.

Af hálfu stefnda er kröfum vegna tjóns á afla og veiðarfærum mótmælt sérstaklega. Um aflatjón er á það bent, að um kvótafisk hafi verið að ræða. Um veiðarfæri er því haldið fram, að ástand þeirra hafi verið lélegt fyrir, hafi þau komið ónýt úr sjó. Að auki beri stefnandi sjálfur ábyrgð á því að hafa ekki vitjað netanna þegar eftir að hafa dregið mb. Pröstor til hafnar, en það hefði hann getað veðurs vegna.

Vaxtakröfu er mótmælt, en krafa um dráttarvexti frá tjónsdegi eigi ekki stoð í lögum.

IV.

Það er álit dómsins, að mb. Pröstor, GK-211, hefði ekki komist af eigin rammleik til lands og að skipið hefði rekið á land á Reykjanestá, í námunda við Sandgerði.

Áhöfn mb. Óskar, KE-5, þykir því hafa bjargað mb. Presti úr hættu. Hún var þó eigi yfirvofandi með hliðsjón af fjarlægð skipsins frá landi og því, að verjast hefði mátt áföllum af völdum „SA-hvellsins“, ef ekki með því að láta akkeri falla, þá með því að slaka út togvírur og -hlerur.

Niðurstaða málsins er sú, að útgerð og áhöfn mb. Óskar, KE-5, eigi rétt til björgunarlauna samkvæmt 1. mgr. 164. gr., sbr. 1. og 2. mgr. 169. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

Aðspurður fyrir dómi kvaðst stefnandi ekki hafa mótmælt áður tilvitnuðu samkomulagi milli Samsteypu íslenskra fiskiskipatrygginga og Land-

helgisgæslu Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Sjómannasambands Íslands, enda hefði það ekki verið tekið upp á fundum (LÍÚ), sem hann hefði sótt. Í samþykktum Landssambands ísl. útvegsmanna, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands eða Sjómannasambands Íslands er ekki að finna ákvæði, er heimili fyrirvarsmönnum þessara samtaka að binda félagsmenn á þann hátt, sem að er stefnt með samkomulaginu. Þá er ekki fallist á, að venja skyldi til þess, að greiðsla fyrir björgun skips, sem eigi var statt í yfirvofandi hættu, sé ákvörðuð eftir mælikvarða samkomulagsins.

Við ákvörðun björgunarlauna skal gætt þeirra atriða, er greinir í lokaákvæði 1. mgr., stafl. a – d, 165. gr. siglingalaga. Um fjártjón, sbr. stafl. c, skal þetta tekið fram: Kröfu um bætur vegna veiðarfæra, 863.958 kr., ber að áliti hinna sérfróðu meðdómenda að taka að fullu til greina, þótt hún sé ekki studd sönnunargögnum. Eigi er fallist á kröfu vegna glataðs afla, þar eð sönnunargögn skortir algjörlega fyrir þeim kröfulið, þótt stefnanda hefði átt að vera í lófa lagið að leggja fram nótur yfir verðmæti landaðs afla, en um kvótafisk var að ræða.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda björgunarlaun, sem þykja hæfilega ákveðin 2.717.958 krónur, ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1989, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. febrúar 1992 til 15. dags eftir dómsbirtingu, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1993. Málskostnaður ákveðst 400.000 krónur, sem beri samkvæmt 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu dómsins til greiðsludags.

Staðfestur er sjóveðsréttur í mb. Presti, GK-211, fyrir tildæmdum fjárhæðum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Agnar Smári Einarsson, greiði stefnanda, Einari Þórarni Magnússyni, 2.717.958 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1989, frá 15. febrúar 1992 til 15. dags eftir dómsbirtingu, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá þeim degi til greiðsludags. Dráttarvextir leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. ágúst 1993.

Stefndi greiði stefnanda 400.000 krónur í málskostnað ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppsögu dómsins til greiðsludags.

Stefnandi á sjóveðsrétt í mb. Presti, GK-211, fyrir tildæmdum fjárhæðum.
